

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi miðbæjarsvæðis í Garðabæ. Hið nýja deiliskipulag svæðisins felst í því, að byggingarreitur hefur verið stækkaður lítillega á lóðinni Kirkjulundur 17. Skipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*Garðabæ, 2. nóvember 1998.*

Bæjarverkfræðingurinn í Garðabæ,

**Eiríkur Bjarnason.**

3. nóvember 1998

Nr. 649

## AUGLÝSING

### um breytt deiliskipulag á Egilsstöðum.

Á fundi bæjarstjórnar Austur-Héraðs 19. maí 1998 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi við Randaberg í Eiðapinghá. Í breytingunni felst að samþykkt er að byggja tvær gestastofur á lóð íbúðarhússins að Randabergi.

Tillagan var auglýst skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 19. ágúst til 19. september 1998, yfirfarin af Skipulagsstofnun og staðfest skv. 3. mgr. 25. gr. sömu laga.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Egilsstöðum, 3. nóvember 1998.*

**Guðmundur Pálsson** bæjartæknifræðingur.

9. nóvember 1998

Nr. 650

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag umhverfis Kasthúsátjörn og að Bessastaðatjörn í Bessastaðahreppi.

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps samþykkti þann 13. október 1998 deiliskipulag umhverfis Kasthúsátjörn og að Bessastaðatjörn í Bessastaðahreppi. Svæðið er skipulagt sem náttúruverndarsvæði á landspildu sem samkvæmt aðalskipulagi er skilgreind sem óbyggt svæði. Skipulagstillagan var auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við skipulagið.

Skipulagið öðlast gildi með birtingu þessarar auglýsingar.

*Bessastaðahreppi, 9. nóvember 1998.*

**Gunnar Valur Gíslason** sveitarstjóri.